

**Nd.**

**409. Frumvarp til laga**

[241. mál]

um breyting á lögum nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Gyfi Þ. Gíslason, Bjarni Guðnason,  
Ingólfur Jónsson.

**1. gr.**

Aftan við 8. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Aðflutningsgjöld og söluskattur af húsum þeim, sem flutt hafa verið inn vegna jarðeldanna á Heimaey eða flutt kunna að verða inn fyrir árslok 1975, skulu renna til Viðlagasjóðs til uppbyggingar í Vestmannaeyjum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Hin innfluttu hús á vegum Viðlagasjóðs eru keypt fyrir hið rausnarlega framlag Norðurlandanna til endurreisnar byggðar í Vestmannaeyjum, eftir að náttúruhamförunum þar er lokið. Fullvist má telja, að enginn ráðamaður Norðurlandþjóðanna, sem máli þessu lagði lið, hafi látið sér koma til hugar, að allverulegur hluti af framlaginu yrði látinn renna sem tolltekjur eða söluskattur til almennra þarfa ríkissjóðs Íslands, sem þá beinlínis hagnaðist fjárhagslega á eldgosinu í Eyjum, þar sem hér er um óvæntar tekjur að ræða, sem áætlað er, að nemi um 477 millj. kr.